

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 291/1979.

1. gr.

Við 6. gr., b staflið bætist nýr töluliður:

„XVI. Bromazepamum. Hámarks magn á lyfseðli 300 mg (Dæmi: Lexotan 1,5 mg 200 töflur, 3 mg 100 töflur, 6 mg 50 töflur).“

2. gr.

Eftirfarandi viðbót verður við viðauka 1 við reglugerðina (undanþágur varðandi lausasölu nokkurra lyfja, skv. 13. gr. a).

Lyf eða lyfja-samsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Oxymetazolinum INN, klóríð	Lyf í afmældum skömmtum, mest 20 skammta	Einstakur skammtur mest 45 míkgróg Áletrun: Samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins við skráningu	NEZERIL, nefdropar 0,1 mg/ml, 0,25 mg/ml eða 0,5 mg/ml

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, tekur gildi 1. janúar 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. október 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1987—1988.

I. KAFLI

Orðaskýringar.

1. gr.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Framleiðandi er hver sá, sem á eigin vegum hefur með höndum búvöruframleiðslu til afhendingar í afurðastöð, hvort sem er einstaklingur, lögaðili, aðili að félagsbúi eða ríkisbúi.

Búmark er viðmiðunartala afurðaeininga reiknuð í ærgildum, sem ákveðin er fyrir lögbýli eða framleiðendur búvöru utan lögbýla skv. reglugerð nr. 339/1986.

Ærgildisafurð er afurðaeining. Ein ærgildisafurð telst vera 18,2 kg af kindakjöti (16,8 kg af dillakjöti og 33,0 kg kjöts af fullorðnu fé) og tilsvarandi magn af slátri og gærum.